



Svar við fyrirspurn

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Svar við fyrirspurn frá Flokki fólksins um búsetu fatlaðra einstaklinga sem eru að biða eftir húsnæði.

Á fundi velferðarráðs 9. október 2019 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fyrirspurn um hvar búa beir 168 fatlaðir einstaklingar sem eru á biðlista eftir húsnæði og hafa verið á biðlistanum e.t.v. í mörg ár? Eru þessir einstaklingar sem nú biða búsettir hjá foreldrum? Eða hjá systkinum, eða annars staðar?

Svar við fyrirspurn.

Húsnæði fyrir fatlað fólk er íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks. Með húsnæði fyrir fatlað fólk er átt við húsnæðisúrræði í skilningi reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Í október 2019 voru 168 einstaklingar á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk. Lögheimili umsækjanda eru skráð í málaskrá velferðarsviðs en ekki er skráð með hverjum viðkomandi býr á meðan beðið er eftir húsnæði. Við vinnu við svar á þessari fyrirspurn var flett upp í mats- og þarfagreiningum vegna þjónustu sem gerðar eru þegar fólk sækir um húsnæði fyrir fatlað fólk.

Niðurstöður eru í eftirfarandi töflu:

Búseta einstaklinga sem eru á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk	Fjöldi einstaklinga
Hjá foreldrum	99
Hjá systkinum	1
Eigið húsnæði	7
Almenn félagsleg leigubúð	11
Brynja hússjóður ÖBÍ	3
Heimili fyrir börn	1
Konukot / Gistiskýlið	2
Inniliggjandi á spítala	4

Dvelur hjá vinum	1
Dvelur á gistiheimili	1
Leigir á almennum leigumarkaði	3
Í húsnæði og þjónustu hjá 3ja aðila	6
Búið að úthluta húsnæði	1
Annað eða ekki skráð	28
Samtals	168

Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri